

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti 15. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar. Breytingin felur í sér skilgreiningu 200 m langs mannvirkjabeltis, M-11, þar sem áformað er að grafa niður lögn frá gasþvottastöð við Þeistareykjavirkjun að niðurdælingarsvæði við borsvæði B-P.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

Breyting á deiliskipulag frístundabyggðar í Lundi. Stekkjarbyggð, Fnjóskadal.

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti 15. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Lundi, Stekkjarbyggð í Fnjóskadal. Breytingin felur í sér að vegtenging frá Lundsskógavegi að golfskála er færð á þann stað sem hún liggur í dag.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

Reykjahlið, 29. mars 2023.

F.h. Þingeyjarsveitar,

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. apríl 2023